

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 4. janúar 2021

Mál nr. E-103/2020:

Lyf og heilsa hf.

(Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður)

gegn

Þb. Karls Emils Wernerssonar

(Árni Ármann Árnason lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess, 7. desember sl., var höfðað með réttarstefnu, útgefinni af dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur þann 21. nóvember 2019, f.h. stefnanda, Lyfja og heilsu hf., [...], á hendur handhafa skuldabréfs, útgefins 16. desember 2011, til ógildingardóms vegna umrædds skuldabréfs, sbr. 120. gr. laga nr. 91/1991, og var málið þingfest þann 9. janúar 2020.

Til varna, sbr. 4. mgr. 121 gr. laga nr. 91/1991, tók þá á dómþingi, f.h. þrotabús Karls Emils Wernerssonar, skiptastjóri búsinns, Árni Ármann Árnason lögmaður og verður sá málsaðili, það er umrætt þrotabú, því hér eftir nefndur stefndi í málinu.

Stefnandi gerir nánar tiltekið þær dómkröfur að ógilt verði með dómi skuldabréf, útgefið í Reykjavík hinn 16. desember 2011 af Karli Emil Wernerssyni, [...], til félagsins Arks ehf. (nú Snæból ehf.), [...], að fjárhæð 110.000.000 króna, með 12% ársvöxtum, tryggt í formi tryggingarbréfs með öðrum veðrétti í fasteign að Via di Moriano [...], Località „Al Fattoraccio“, skráð hjá Agenzia del Territorio með eftirfarandi hætti: (i) Catasto Fabbricati, Comune di Lucca, foglio 80: mappale 242 sub.8 graffato al mappale 243 sub.1; mappale 242 sub.9; mappale 242 sub.10; mappale 242 sub.11; mappale 242 sub.12; (ii) Catasto Terreni, Comune di Lucca, foglio 80; mappale 9; mappale 10; mappale 11; mappale 13; mappale 19; mappale 27; mappale 756; mappale 769, mappale 759, mappale 192; mappale 249; mappale 765, og stefnanda þar með heimilað að ráðstafa því sem skjalið hljóðar upp á eins og hann hefði skjalið undir höndum.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda sem tók til varna í málinu.

Stefndi mótmælir framangreindum dómkröfum stefnanda og leggst gegn því að ógildingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Ágreiningsefni og málsatvik

Stefnandi lýsir tildrögum málsins þannig að hinn 16. desember 2011 hafi Karl Emil Wernersson, [...], gefið út skuldabréf til félagsins Arks ehf. (nú Snæból ehf.), [...], að fjárhæð 110.000.000 króna, og með 12% ársvöxtum. Umrætt skuldabréf hafi verið óverðtryggt og skyldi endurgreiðast að fullu með einni höfuðstólsafborgun og einni vaxtagreiðslu á gjalddaga. Skyldu greiðast af skuldabréfinu 12% ársvextir frá og með útgáfudegi og var gjalddagi þess í öndverðu ákveðinn 18 mánuðum frá undirskrift.

Skuldabréfið kveður stefnandi hafa verið tryggt í formi tryggingabréfs með öðrum veðrétti í fasteign að Via di Moriano [...], Località „Al Fattoraccio“, nánar tiltekið skráð hjá Agenzia del Territorio með eftirfarandi hætti: (i) Catasto Fabbricati, Comune di Lucca, foglio 80: mappale 242 sub.8 graffato al mappale 243 sub.1; mappale 242 sub.9; mappale 242 sub.10; mappale 242 sub.11; mappale 242 sub.12; (ii) Catasto Terreni, Comune di Lucca, foglio 80; mappale 9; mappale 10; mappale 11; mappale 13; mappale 19; mappale 27; mappale 756; mappale 769, mappale 759, mappale 192; mappale 249; mappale 765.

Stefnandi kveður að í kjölfarið hafi gjalddagi skuldabréfsins verið framlengdur og það keypt þann 23. júlí 2013 af félaginu AMK ehf., [...]. Í kjölfar þess kveður stefnandi að hann hafi þann 30. desember 2014 keypt umrætt skuldabréf. Stefnandi kveður skuldabréfið upphaflega hafa verið í hans vörslu en það hafi ekki verið greitt á gjalddaga. Stefnandi kveður ástæður þess að nauðsynlegt sé að ógilda skuldabréfið vera þær að hann hafi glatað frumritinu og það ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Kveðst stefnandi ekki kunna frekari skýringar á mögulegum afdrifum. Byggir stefnandi á því að hann sé réttur kröfuhafi samkvæmt skuldabréfinu enda leiði hann rétt sinn frá upphaflegum eiganda þess, nú Snæbóli ehf.

Um sönnun fyrir útgáfu bréfsins þá vísar stefnandi til meðfylgjandi yfirlýsinga Arks ehf. (nú Snæbóls ehf.) og vottorðs um þinglýsingu skuldabréfsins frá lögbókanda í Lucca á Ítalíu, þann 27. janúar 2012. Um sönnun fyrir eftirfarandi viðskiptum með skuldabréfið og eignarhald stefnanda á því vísist til meðfylgjandi yfirlýsinga af hálfu Snæbóls ehf., AMK ehf., stefnanda og löggilts endurskoðanda stefnanda og AMK ehf.

Um fyrirhuguð not af ógildingardómi þá kveður stefnandi að með kaupsamningi, dags 6. júlí 2017, hafi Faxar ehf. keypt þá fasteign sem skuldabréfið hvílir á, gegn yfirtöku áhvílandi skulda. Séu því Faxar ehf. nú skuldari skuldabréfsins, en stefnandi kveðst ekki hafa skilríki fyrir kröfu sinni þar sem frumrit hafi glatast. Vegna þessa, og þar sem frumrit hafi ekki fundist þrátt fyrir umfangsmikla leit, kveður stefnandi nauðsynlegt að fá ógildingardóm um bréfið, þannig að stefnanda sé þar með heimilað

að ráðstafa því sem skjalið hljóðar upp á eins og hann hefði það undir höndum. Hyggist stefnandi nýta ógildingardóminn til að öðlast að nýju skilríki fyrir kröfu sinni.

Af hálfu stefnda er hins vegar vísað til þess að í skýrslutöku af þrotamanni, Karli Emil Wernerssyni, hjá skiptastjóra, þann 13. nóvember 2018, hafi m.a. verið spurt um það hvort þrotamaður ætti fasteign á Ítalíu. Síðar sama dag hafi lögmaður þrotamanns sent tölvupóst til skiptastjóra þar sem hann hafi þá upplýst að þrotamaður hefði átt hús á Ítalíu en að hann hefði selt það á grundvelli verðmats. Í tölvupósti, dags. 23. nóvember 2018, frá þeim sama lögmanni, komi fram undir lið 8 að fasteignin á Ítalíu hafi verið seld til Faxa ehf. fyrir 2.232.210,35 evrur, og hafi alfarið verið greitt með yfirtöku áhvílandi veðskulda, sbr. kaupsamning sem fylgdi með tölvupóstinum.

Í skýrslutöku hjá skiptastjóra þann 27. nóvember 2018 hafi þrotamaður m.a. verið spurður um fasteignina á Ítalíu og eftirfarandi þá komið fram um það í fundargerðinni:

„6. Í tölvupósti frá Ólafi Eiríkssyni, hrl. kom fram að Karl hefði átt hús á Ítalíu við [...]. Fasteignina hafi hann selt Föxum ehf. á árinu 2017 fyrir EUR 2,232,210.35 sem var alfarið greitt með yfirtöku áhvílandi veðskulda, sbr. skjal sem fylgdi með tölvupóstinum. Skiptastjóri spyr Karl hvernig söluverðið hafi verið ákvarðað og hvort þetta hafi verið fullt markaðsverð? KW upplýsir að leitað hafi verið til „Geometra“ sem hafi metið húsið þegar húsið var selt til Faxa ehf. (Faxar ehf.). Skiptastjóri spyr hvernig standi á því að Sjávarsýn ehf. og Arkur ehf. hafi átt yfirteknu lánin á húsinu? Svar: KW upplýsir að ástæðan sé sú að umrædd félög hafi lánað sér fjármuni í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu Lyfja og Heilsu ehf. og þetta tengist þeim viðskiptum.“

Vísar stefndi til þess að í kaupsamningi um húsið á Ítalíu komi fram að hann sé gerður þann 6. júlí 2017 á milli þrotamanns og Faxa ehf. Á bls. 6–7 í kaupsamningi komi fram að á húsinu hvíli veð frá annars vegar félaginu Sjávarsýn ehf. og hins vegar frá félaginu Arki ehf. Síðarnefnda félagið hafi verið sameinað Snæbóli ehf. og heiti í dag Snæból ehf., eins og fram komi í samrunagögnum. Á bls. 5 í kaupsamningnum komi einnig fram að að skuldin við Sjávarsýn ehf. hafi á kaupsamningsdegi verið að fjárhæð 939.456,90 evrur og að skuldin á bak við veðið hjá Arki ehf. hafi á kaupsamningsdegi verið að fjárhæð 1.291.753,45 evrur. Samtala framangreindra fjárhæða sé 2.231.210,35 evrur. Á bls. 6 í kaupsamningi komi fram að söluverðið sé 2.231.210,35 evrur og að það sé greitt á þann hátt að yfirteknar séu framangreindar skuldir við félagin Sjávarsýn ehf. og Ark ehf. Síðan komi fram í kaupsamningnum að kaupandi hafi persónulega aflað sér upplýsinga um framangreindar skuldir og greiðslufyrirkomulag þeirra. Framangreindar upplýsingar um greiðslu kaupverðsins komi heim og saman við það sem þrotamaður hafi upplýst um við skýrslutökuna 27. nóvember 2018, en við upphaf skýrslutökunnar hafi verið áréttað fyrir honum að hann yrði að segja satt og rétt frá að viðlagðri refsingu samkvæmt ákvæðum hegningarlaga.

Skiptastjóri hafi talið það rétt að kanna sjálfstætt áreiðanleika framangreindra upplýsinga um söluna sem fram hafi komið hjá þrotamanni og í kaupsamningnum. Í því skyni hafi hann þann 3. desember 2018 sent bréf á Snæból ehf. (áður Arkur ehf.) og Sjávarsýn ehf. þar sem spurt hafi verið hvort félögin hefðu átt kröfur á þrotamann 6. júlí 2017 og hvort félögin hefðu notið veðréttar í hinni seldu eign. Þann 4. desember 2018 hafi borist skriflegt svar til skiptastjóra frá Snæbóli ehf. þar sem fram hafi komið að Snæból ehf. hefði ekki átt kröfu á þrotamann þann 6. júlí 2017 og að félagið hefði þá ekki átt veðrétt í hinni seldu eign. Í svarinu hafi einnig verið komið inn á það að öðrum hvorum megin við áramótin 2011–2012 hefði félagið lánað þrotamanni peninga með veði í umræddri eign en það lán verið að fullu gert upp við Snæból ehf. í júlí 2013. Þann 12. desember 2018 hafi borist svarbréf frá Sjávarsýn ehf. þar sem staðfest hafi verið að félagið hefði ekki átt fjárkröfur á Karl Wernersson 6. júlí 2017.

Vísar stefndi til þess að á grundvelli framangreindra svara frá Sjávarsýn ehf. og Snæbóli ehf. þá hafi þrotabú Karls Wernerssonar talið að hús þrotamannsins á Ítalíu hefði verið afhent Föxum ehf. án endurgjalds og þrotamaður hefði gefið skiptastjóra rangar upplýsingar um söluna. Af þeim sökum hafi þrotabúið gefið út riftunarstefnu, sbr. nú dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-152/2019 frá 4. mars 2020, þar sem fallist var á það að rifta bæri sölu umræddrar fasteignar á Ítalíu, dags. 6. júlí 2017.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að þann 16. desember 2011 hafi Karl Emil Wernersson gefið út skuldabréf til félagsins Arkur ehf. (nú Snæból ehf.) að fjárhæð 110.000.000 króna. Skuldabréfið hafi verið óverðtryggt og skyldi endurgreiðast að fullu með einni höfuðstólsafborgun og einni vaxtagreiðslu á gjalddaga. Skyldu greiðast 12% ársvextir frá og með útgáfudegi og gjalddaginn í öndverðu verið 18 mánuðum frá undirskrift.

Framangreint skuldabréf hafi verið tryggt í formi tryggingabréfs með öðrum veðrétti í fasteign að Via di Moriano [...], Lucca á Ítalíu, Località „Al Fattoraccio“, sbr. framangreinda nánari lýsingu þess.

Í kjölfar framangreinds hafi gjalddagi skuldabréfsins verið framlengdur og það keypt, 23. júlí 2013, af AMK ehf., og þaðan, þann 30. desember 2014, af stefnanda.

Skuldabréfið hafi upphaflega verið í vörslu stefnanda en það hafi ekki verið greitt á gjalddaga. Nauðsynlegt sé að ógilda skuldabréfið þar sem hann hafi glatað frumriti bréfsins og það hafi ekki fundist þrátt fyrir umfangsmikla leit. Kunni stefnandi ekki frekari skýringar á mögulegum afdrifum þess. Stefnandi sé réttur kröfuhafi samkvæmt skuldabréfinu enda leiði hann rétt sinn frá upphaflegum eiganda þess, nú Snæbóli ehf.

Um sönnun fyrir útgáfu skuldabréfsins þá vísist til meðfylgjandi yfirlýsinga Arks ehf. (nú Snæbóls ehf.) og til vottorðs um þinglýsingu bréfsins frá lögbókanda í Lucca á Ítalíu, þann 27. janúar 2012. Um sönnun fyrir eftirfarandi viðskiptum með bréfið og

fyrir eignarhaldi stefnanda vísist til meðfylgjandi yfirlýsinga af hálfu Snæbóls ehf., AMK ehf., stefnanda, svo og af hálfu löggilts endurskoðanda stefnanda og AMK ehf.

Um fyrirhuguð not ógildingardóms þá vísist til þess að með kaupsamningi, dags 6. júlí 2017, hafi Faxar ehf. keypt þá fasteign sem skuldabréfið hafi hvílt á gegn yfirtöku áhvílandi skulda. Séu Faxar ehf. því nú skuldari skuldabréfsins en stefnandi hafi ekki skilríki fyrir kröfu sinni þar sem frumrit þess hafi glatast. Vegna þessa, og þar sem frumrit bréfsins hafi ekki fundist þrátt fyrir umfangsmikla leit, sé nauðsynlegt fyrir stefnanda að fá ógildingardóm um það, þannig að stefnanda sé þar með heimilað að ráðstafa því sem skjalið hafi hljóðað upp á eins og hann hefði það undir höndum. Hyggist stefnandi nýta ógildingardóminn til að öðlast að nýju skilríki fyrir kröfu sinni.

Um lagarök vísist til 120. gr. og 121. gr. laga nr. 91/1991 varðandi varnarþing og heimild til útgáfu ógildingarstefnu og til c-liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga um birtingu.

Málsástæður og lagarök stefnda

Þrotabúið byggir kröfu sína um synjun á því að þær skuldir sem hvílt hafi á húsinu á Ítalíu hafi verið uppgreiddar við söluna á húsinu eins og staðfest hafi verið gagnvart skiptastjóra af hálfu Snæbóls ehf. og Sjávarsýnar ehf., en annað sé eftiraskýringar.

Í kaupsamningi um umrætt hús á Ítalíu, dags. 6. júlí 2017, sé hvergi getið um það að eigandi skulda sé AMK ehf. eða stefnandi þessa máls, eins og eðlilegt hefði verið að gera ef þessir aðilar hefðu fengið skuldirnar framseldar við uppgreiðslu skuldanna við Snæból ehf. og Sjávarsýn ehf. árið 2013. Þar sé einungis minnst á Sjávarsýn ehf. og Ark ehf. Í kaupsamningi sé sérstaklega tekið fram á bls. 8 að kaupandi, Faxar ehf., lýsi því yfir að hann hafi sjálfur aflað sér upplýsinga um eftirstöðvarnar og með hvaða hætti þær skuli greiddast. Þarna sé sem sagt ekkert minnst á AMK ehf. eða stefnanda er séu þó í sömu félagasamstæðu og Faxar ehf., sem sé kaupandi fasteignarinnar. Þetta telji þrotabúið að bendi til þess að það sé ekki trúverðugt að til hafi verið skuldabréf er hafi verið framlengt og framselt á þann hátt er byggt sé á af stefnanda í máli þessu.

Í stefnu komi fram að umrætt skuldabréf hafi verið útgefið þann 16. desember 2011 og lánstími verið 18 mánuðir. Snæból ehf. hafi staðfest, með tölvupósti frá 4. desember 2018, að skuld þessi hefði verið uppgreidd í júlí 2013. Þetta staðfesti það að skuldin hafi verið úr sögunni eftir þessa 18 mánuði og því sé ekki hægt að vekja upp hið meinta skuldabréf sex árum síðar eða halda því fram að hið meinta bréf hafi verið framlengt, eins og reynt sé að halda fram í stefnu. Þar vanti alfarið að nákvæm lýsing sé á efni hins meinta skuldabréfs, sbr. skilyrðislausu kröfu um slíkt í 1. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991. Í stefnu sé bent á vottorð um þinglýsingu skuldabréfsins frá lögbókanda í Lucca frá 27. janúar 2012. Þýðing á skjalinu sé þeim annmarka háð að hún sé hvorki undirrituð né stimpluð af löggiltum skjalapýðanda og því vart marktæk.

Í greinargerð Faxa ehf. sem lögð hafi verið fram í fyrrgreindu máli nr. E-152/2019 komi ekkert fram um það að AMK ehf. hafi eignast hið meinta skuldabréf og þaðan af síður að stefnandi hafi eignast það og sé þessu mótmælt sem ósönnuðu og sem eftiráskýringum. Félagið Faxar ehf. sé í sömu félagasamstæðu og AMK ehf. og stefnandi og hefði mátt vita það ef sú hefði verið raunin. Í máli nr. E-152/2019 hafi þrotabúið lagt fram samkomulag, sem áritað sé um dagsetningu, 30. desember 2014. Þar komi fram að AMK ehf. hafi greitt upp skuldir við Snæból ehf. og Sjávarsýn ehf. og eignast þar með kröfu á Karl Emil Wernersson. Þar sé hvergi minnst á skuldabréf eða veðtryggingu í húsi á Ítalíu. Þar komi fram að AMK ehf. selji kröfuna til stefnanda þessa máls en þar sé ekki heldur minnst á neitt skuldabréf. Þessi yfirlýsing bendi ekki til þess að neitt skuldabréf hafi þá verið í gangi og því standist það varla sem komi nú fram í stefnu að skuldabréfið hafi upphaflega verið í vörslum stefnanda þessa máls.

Í stefnu sé vísað til yfirlýsingar frá AMK ehf., dags. 17. október 2019, þar sem því sé haldið fram að félagið hafi í júlí 2013 keypt tvö veðskuldabréf. Þessi yfirlýsing, sem sé undirrituð af framkvæmdastjóra stefnanda, hafi ekkert sönnunargildi um það að gilt skuldabréf sé fyrir hendi í dag með veði í umræddri fasteign á Ítalíu. Jafnvel þó að talið yrði að þessi yfirlýsing væri rétt þá gefi auga leið að þá yrði að höfða ógildingarmál í þeirri þinghá þar sem því yrði þinglýst, eða nánar tiltekið á Ítalíu, sbr. og 2. tl. 2. mgr. 120. gr. eml. og því beri þá að vísa þessu máli frá dómi.

Til viðbótar þá hafi stefnandi lagt fram samkynja yfirlýsingar frá Snæbóli ehf. og Sjávarsýn ehf., dags. 27. sept. 2019, og yfirlýsingu frá endurskoðanda þrotamanns um sama efni, þar sem reynt sé að halda því fram að AMK ehf. hafi keypt veðskuldabréfin af þeim aðilum. Þrotabúið telji að þær yfirlýsingar séu byggðar á röngum forsendum.

Telji stefndi að hér framangreind rök eigi að vera nægileg til þess að ekki verði fallist á kröfur stefnanda um ógildingardóm vegna hins meinta skuldabréfs.

Niðurstaða

Úrlausn máls þessa grundvallast á 120. gr., sbr. 121. gr. laga nr. 91/1991, þar sem stefnandi krefst ógildingardóms, en stefndi krefst þess að þeirri kröfu stefnanda verði synjað. Telja verður leiða af þeim ákvæðum að sá sem tekur til varna í ógildingarmáli eftir að réttarstefna er gefin út fái stöðu stefnda. Þá verður með hliðsjón af 4. mgr. 121 gr. laganna ekki fallist á það með stefnanda að stefndi geti ekki átt aðild að máli þessu eða að þær varnir sem hann hefur hér í frammi eigi ekki að geta komist að í málinu.

Stefnandi byggir dómkröfu sína um ógildingardóm vegna framangreinds glataðs skuldabréfs, sem hann kveður hafa verið útgefið þann 16. desember 2011 á hendur skuldaranum Karli Emil Wernerssyni, og tryggt með tryggingabréfi í framangreindri fasteign á Ítalíu, á því að skuldabréf þetta hafi í reynd skipt um kröfuhafa með framsali þeirra í millum, það er þá fyrst með framsali skuldabréfsins frá Arki ehf. (nú Snæból

ehf.) til AMK ehf., og þá síðan með framsali umrædds skuldabréfs frá AMK ehf. til stefnanda. Leggur stefnandi fram yfirlýsingar sem m.a. varða slíkt framsal kröfunnar.

Stefndi, þrotabú Karls E. Wernerssonar, telur hins vegar að málsgögn bendi ekki til annars en að skuldabréf þetta, sem hann telur auk þess vera lýst með ófullnægjandi hætti í málinu, hafi í öllu falli verið greitt upp í uppgjöri við upphaflegan kröfuhafa þess, Ark ehf. (nú Snæból ehf.), og skuldabréfakrafan þá liðið undir lok, en að síðari tíma fullyrðingar um framsal skuldabréfsins séu eftiráskýringar. Vísar stefndi þar til forsögu máls þessa sem rakin sé í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-152/2019, Þb. Karls E. Wernerssonar gegn Föxum ehf., frá 4. mars 2020.

Eins og rakið er í dómi í máli nr. E-152/2019, þar sem fallist var á riftun á sölu Karls E. Wernerssonar til félagsins Faxe ehf., 6. júlí 2017, á þeirri fasteign á Ítalíu, sem hér um ræðir, þá liggur fyrir að Karl var eigandi fyrirtækjastæðu fjögurra félaga allt fram á árið 2016. Þetta eru móðurfélagið Toska ehf., sem átti að fullu félagið Faxe ehf., sem átti Faxar ehf. að fullu, sem svo aftur átti 99,56% í stefnanda. En sonur Karls, Jón Hilmar Karlsson, á nú félagið Toska ehf., samkvæmt kaupsamningi frá 13. janúar 2014, svo ljóst má telja að um tengda aðila sé að ræða. Þá liggur fyrir að félagið Faxar ehf. sem keypti húsið á Spáni tilheyrir sömu samstæðu.

Þá er rakið í framangreindum dómi í máli nr. E-152/2019, er varðar með beinum hætti málsatvik hér, að Karl E. Wernersson hafi selt Föxum ehf. umrædda fasteign, 6. júlí 2017, fyrir 2.231.210,35 evrur, en kaupverð verið greitt með yfirtöku veðskulda sem í kaupsamningi eru sagðar nema sömu fjárhæð og kaupverðið. Þær veðskuldir sem þar er vísað til eru annars vegar skuld við Sjávarsýn ehf., en hins vegar við Ark ehf., (nú Snæból ehf.), en í kaupsamningi sé greint frá þessum veðskuldum. Segir þar að veð í þágu Sjávarsýnar og Arks hafi verið færð til bókar í veðbók fasteignaskrár Lucca þann 1. febrúar 2012 og heildarupphæð hvors um sig hafi verið 700.000 evrur.

Enn fremur er það síðan rakið í dómi í máli nr. E-152/2019 að í skýrslutöku hjá skiptastjóra, 27. nóvember 2018, þá hafi þrotamaður, Karl E. Wernersson, greint frá því að hann hefði fengið umrædd lán frá þessum tveimur félögum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu Lyfja og heilsu hf. Í skriflegu svari 4. desember 2018 við fyrirspurn skiptastjóra þrotabúsins um lán til þrotamanns og veðréttindi á eigninni þá greinir Finnur R. Stefánsson, framkvæmdastjóri og annar eigandi Snæbóls ehf., frá því að félagið hafi ekki átt fjárkröfu á Karl Wernersson þegar eignin var seld þann 6. júlí 2017 og þar með þá heldur engan veðrétt í nefndri eign á Ítalíu. Hins vegar greinir Finnur þar frá því að í kringum áramótin 2011–2012 hafi Snæból lánað Karli fjármuni gegn veði í fasteigninni, en lánið verið að fullu greitt í júlí 2013. Bjarni Ármannsson, eigandi Sjávarsýnar ehf., hafi svarað sömu spurningum skriflega 12. desember 2018 og þá sagt félagið ekki hafa átt fjárkröfu á Karl E. Wernersson þann 6. júlí 2017.

Eins og í máli E-152/2019, þá liggur hér einnig fyrir skrifleg yfirlýsing Kjartans Arnar Þórðarsonar, f.h. AMK ehf., dags. 17. október 2019, þar sem fram kemur að það félag hafi í júlí 2013 keypt tvö veðskuldabréf útgefin af Karli Emil Wernerssyni 16. desember 2011. Annað bréfið hafi verið í eigu Sjávarsýnar og kaupverð þess verið 95.931.733 krónur, en hitt bréfið verið í eigu Snæbóls ehf., og kaupverð þess verið 131.906.133 krónur. Veðskuldabréfin hafi verið tryggð með veði á 1. og 2. veðrétti í fasteigninni í Lucca á Ítalíu. Eftir þessi ætluðu kaup skuldabréfanna hafi AMK ehf. orðið kröfuhafi þeirra. Þá lýsir Kjartan Arnar Þórðarson því yfir í annarri yfirlýsingu, einnig dags. 17. október 2019, að stefnandi þessa máls hafi þá síðan keypt umrædd veðskuldabréf af AMK ehf., 30. desember 2014. Þá liggja fyrir samhljóða yfirlýsingar Bjarna Ármannssonar og Finns R. Stefánssonar, yfirlýsing Bjarna er dags. 14. október 2019 og Finns 27. september s.á., þar sem þeir lýsa því yfir að þeir hafi fengið fulla greiðslu skuldar samkvæmt nefndum skuldabréfum 23. júlí 2013. Um hafi verið að ræða fullnaðargreiðslu vegna kaupa AMK ehf. á veðskuldabréfunum sem þeir áttu og Karl E. Wernersson hafði gefið út. Tengt viðskiptum með þessi veðskuldabréf, þá liggur fyrir ljósrit af yfirliti reiknings nr. 0701-26-055111 fyrir tímabilið 16. júlí 2013 til 24. september 2015 er sýnir færslur merktar Sjávarsýn ehf. annars vegar og Snæbóli ehf. hins vegar, dags. 23. júlí 2013, með fjárhæðum þeim er Kjartan lýsir yfir að hafi verið kaupverð veðskuldabréfanna, sbr. framangreinda yfirlýsingu hans.

Stefndi hefur vakið máls á því að í skýrslu fyrir dómi í framangreindu dómsmáli nr. E-152/2019, þá hafi Kjartan Arnar Þórðarson, sem verið hefur framkvæmdastjóri stefnanda frá því um mitt ár 2016 og verið varamaður í stjórn Faxa ehf., greint frá því að hann hefði um tíma verið stjórnarmaður í AMK ehf., en engin starfsemi væri nú í því félagi. Kjartan Arnar kvað þá fyrir dómi að framangreindar yfirlýsingar sem hann undirritaði hefðu verið útbúnar af lögmanni sem starfað hefði fyrir Faxar ehf. Varðandi yfirlýsinguna fyrir AMK ehf. þá kvaðst Kjartan hafa kannað í bókum félagsins að þau viðskipti sem hann staðfesti að hefðu farið fram árið 2013 hefðu í raun gert það. Kjartan kvaðst fyrir dómi þó hvorki sjálfur hafa séð umrædd skuldabréf sem sögð eru hafa verið framseld til AMK ehf. né gögn um framsal þeirra. Hann hafi þá ekki getað gefið nánari upplýsingar um færslur á reikningi nr. [...] sem komi fram á áður nefndu yfirliti. Þá hefur stefndi hér einnig vakið máls á því að þeir Bjarni Ármannsson og Finnur R. Stefánsson hafi komið fyrir dóm í umræddu dómsmáli nr. E-152/2019 þar sem þeir hafi staðfest að hafa undirritað yfirlýsingar um framsal veðskuldabréfa félaga sinna. Gáfu þeir þá ekki nánari upplýsingar um efni bréfanna eða skilmála þeirra en kváðu báðir að þeir hefðu undirritað umræddar yfirlýsingar sínar að beiðni Karls E. Wernerssonar eða þá lögmannna hans. Í veðbókum fasteignarinnar á Ítalíu er getið um útgáfudag og upphaflegar fjárhæðir ætlaðra

skuldabréfa. Jafnframt liggur óumdeilt fyrir í málinu að upphaflegir kröfuhafar fengu í öllu falli andvirði umræddra skuldabréfa greitt þann 23. júlí 2013.

Í máli þessu þá byggir stefndi kröfu sína um synjun á ógildingardómi einkum á því að framangreind skuld hafi samkvæmt yfirlýsingum upphaflegra kröfuhafa verið greidd upp 23. júlí 2013 og upp frá því hafi engin krafa verið á bak við veðsetningu á umræddu húsi á Ítalíu. Eins og rakið er í máli nr. E-152/2019 þá eru umrædd skuldabréf nú sögð glötuð og engin samtímagögn liggja fyrir um afdrif þeirra. Eins og ályktað er í þeim dómi þá verður að telja það eðlilegt að sá sem telur nú til réttar yfir umræddum skuldabréfum, í þessu tilviki stefnandi þessa máls, beri sönnunarbyrði fyrir því að skuld þeirrar fjárhæðar sem hann kveður eftirstöðvar bréfanna hafa numið á þeim degi þegar Faxar ehf. keyptu eignina, hafi í raun þá verið fyrir hendi. Hefur stefnandi í þessu máli nú framvísað afriti skuldabréfs og tölvuskeyta með því og ætlar að þar sé framkomið afrit af umræddu skuldabréfi sem þó virðist handhafabréf en ekki nafnbref en engin frekari gögn eru fram komin um ætluð afdrif þess eða um framsal.

Hvað varðar sönnunarfærslu í málinu að öðru leyti um ætlað framsal umrædds skuldabréfs þá telur dómurinn að fyrirbyggjandi framangreindar yfirlýsingar fyrirsvarsmanna Sjávarsýnar ehf. og Snæbóls ehf., sem og yfirlýsingar Kjartans A. Þórðarsonar, renni ekki viðhlítandi stoðum undir staðhæfingar stefnanda í máli þessu um raunverulega stöðu skuldarinnar á kaupsamningsdegi, að virtum hér framlögðum skýrslum þeirra fyrir dómi úr framangreindu máli nr. E-152/2019. Líta verður þá til þess að yfirlýsingar Bjarna Ármannssonar og Finns R. Stefánssonar virðast hafa verið gefnar að beiðni Karls E. Wernerssonar mörgum árum eftir að viðskiptin sem þau lýsa voru gerð. Þá verður að meta trúverðugleika framangreindra yfirlýsinga og vitnisburð Kjartans Arnars Þórðarsonar með hliðsjón af því að hann var varamaður í stjórn Faxe ehf. og fyrirsvarmaður dótturfélags þess og vann lengi náið með Karli Wernerssyni. Jafnframt verður að gæta þess að þau félög sem stefnandi byggir hér á að hafi fengið skuldabréfakröfu á hendur Karli Wernerssyni sér framselda voru ýmist í eigu hans sjálfs eða þá nákominna aðila á þeim tíma sem byggt er á að framsal hafi átt sér stað.

Að mati dómsins þá verður hér fallist á framangreindar ályktanir sem leiða má af dómi í máli Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-152/2019. En í þessu máli hafa verið lögð fram hin sömu gögn í þessu tilliti og þar er um getið. Verður ekki séð að neitt nýtt sé nú fram komið í þessu máli sem leitt geti til annarrar ályktunar en að í ljósi framangreinds þá hafi stefnandi þessa máls ekki getað axlað með fullnægjandi hætti sönnunarbyrði fyrir því að umrætt skuldabréf hafi verið framselt, í þessu tilviki frá félaginu Arki ehf. (nú Snæból ehf.) til AMK ehf., og þaðan til stefnanda, en það ekki liðið undir lok með því að skuld samkvæmt skuldabréfinu hafi verið greidd upp 23. júlí 2013, löngu fyrir söluna á umræddri fasteign, 6. júlí 2017, svo sem stefndi hefur að mati dómsins fært rök fyrir. Þykir því vera fyrir hendi slíkur vafi um tilvist og efni

ætlaðs skuldabréfs að ekki séu skilyrði til að fallast á dómkröfur stefnanda og ber því að synja honum um ógildingardóm, sbr. 4. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991.

Eins og mál þetta er vaxið þykir þó rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Málið fluttu Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður fyrir stefnanda, en Árni Ármann Árnason lögmaður fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn. Dómarinn tók við meðferð málsins 2. september sl. en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

Dómsorð:

Synjað er um þá dómkröfu stefnanda, Lyfja og heilsu hf., að ógilt verði með dómi skuldabréf, útgefið í Reykjavík hinn 16. desember 2011, af Karli Emil Wernerssyni, til Arks ehf. (nú Snæból ehf.), að fjárhæð 110.000.000 króna, og um það að stefnanda verði þar með heimilað að ráðstafa því sem skjalið hljóðar upp á eins og hann hefði það undir höndum.

Málskostnaður fellur niður.

Pétur Dam Leifsson (sign.)